

Niðurstöður mælinga á þráðlausum netum í skólum

Á árinu 2014 áttu Geislavarnir ríkisins og tæknideild Kópavogsbæjar samstarf um að mæla geislunarstyrk frá þráðlausum netum og farsímum í þremur leikskólum og þremur grunnskólum bæjarins. Markmiðið var að sannreyna að styrkurinn væri langt fyrir neðan mörk þau sem Alþjóðaráð um ójónandi geislun (www.ICNIRP.org) hefur ráðlagt.

Aðferð sem notuð var

Valdir voru þrír leikskóla og þrír grunnskólar. Áður en farið var á staðinn voru valdir þrír staðir innandyra og tveir til þrír utandyra til mælinga. Reynt var að velja staði þar sem gera mátti ráð fyrir að börn héldu sig. Niðurstöður mælinga koma fram í meðfylgjandi viðauka. Vegna þess að um fáar mælingar er að ræða er ekki hægt að fá marktækar niðurstöður við samanburð á skólum en tölurnar má nota til að kanna hvort ástæða sé til frekari mælinga.

Niðurstöður

Mæliniðurstöðurnar eru á bilinu 0,1 V/m til 1,1 V/m. Alþjóðaráð um ójónandi geislun, ICNIRP ráðleggur 61 V/m sem viðmið fyrir almenning (fyrir sviðsstyrk en 10 W/m² ef miðað er við afl), þannig að þessar tölur eru allar innan við 2% af þeirri tölu og innan við 0,4% prósent ef miðað er við afl. Þetta eru mjög lágar tölur og sambærilegar við tölur fyrir rafsegulsvið frá farsímamöstrum í umhverfi almennings.

Einstök mæligildi voru hærri en fóru hæst í 18 V/m sem er einnig lág tala miðað við ráðleggingar ICNIRP.

Styrkur geislunar frá farsímtækjum í notkun er nálægt umræddum ráðleggingum ICNIRP en þó undir þeim. Almenn gildir að styrkurinn frá farsímasendum (oft í möstrum) er aðeins brot úr prósentu af styrk símtækjanna og þessar mælingar benda til að sama megi segja um geislun frá þráðlausum netum.

Þessar mælingar gefa ekki tilefni til ítarlegri mælinga þar sem mæligildi voru langt fyrir neðan ráðleggingar ICNIRP (<http://www.icnirp.org/cms/upload/publications/ICNIRPemfgdl.pdf>).

Niðurstöðurnar eru í samræmi við sambærilegar niðurstöður mælinga, m.a. í Svíþjóð. Geislavarnir hafa í samráði við geislavarnarstofnanir hinna norðurlandanna gefið út yfirlýsingu um geislun frá farsímum, sendum og þráðlausum netum farsíma og þráðlaus net þar sem þetta kemur fram. (<http://www.gr.is/2013/12/17/yfirlýsing-norraenna-geislavarnastofnana-geislun-i-kringum-farsima-og-annan-sendibunad-er-ekki-skadleg/>) og (http://www.gr.is/wp-content/media/2013/12/Farsimageislun_norraen_yfirlýsing.pdf).

Viðauki með mæligildum

Leikskóli 1 við Salaveg 11. febrúar 2014, hæsta augnabliksgildi: 18 V/m. Önnur gildi eru dæmigerð gildi.

0,3 V/m (austurhluti leikskólans); 0,3 V/m (miðja leikskólans); 0,6 V/m (vesturhluti leikskólans); 0,8 V/m (leiksvæði framan við skóla); 0,3 V/m (í sandkassa).

Leikskóli 2 við Marbakkabraut 24. nóvember 2014. Öll gildi eru meðaltöl.

0,3 V/m (norðurhluti); 0,3 V/m (miðhluti); 0,5 V/m (suðurhluti); 0,4 V/m (úti vesturgarður); 0,4 V/m (úti austurgarður); 0,6 V/m (úti suðurgarður).

Leikskóli 3 við Fögrubrekku 26. nóvember 2014 hæsta gildi 6,9 V/m, aðrar tölur eru meðaltöl.

0,4 V/m (vesturhluti); 1,1 V/m (austurhluti); 0,2 V/m (miðhluti kjallari); 0,6 V/m (sandkassi við útiskúr); 0,8 V/m (garður við vesturenda húss); 0,9 V/m (garður sunnanmegin við hús).

Grunnskóli 1 Snælandsskóli 26. nóvember 2014 hæsta gildi 2,5 V/m aðrar tölur eru meðaltöl.

0,1 V/m (norðurhús); 0,1 V/m (2. hæð bið bókasafn); 0,2 V/m (matsalur); 0,3 V/m (lóð á mótí eldhúsi); 0,6 V/m /garður við NA-enda); 0,4 (garður, port norðvestan við milligang hjá félagsmiðstöð).

Grunnskóli 2 Salaskóli 27. Nóvember, hæsta gildi 10 V/m, aðrar tölur eru meðaltöl.

0,3 V/m (Unglingastig 2 hæð við tölvustofu); 0,4 V/m (Miðstig 2 hæð); 0,1 V/m (Yngsta stig við sérkennslu); 0,5 V/m (Garður suðaustan á mótí suðursvölum); 0,4 V/m (Garður austanmegin við leiktæki); 0,2 V/m (Port norðvestan við aðalinngang á mótí sundlaug).

Grunnskóli 3 Smáraskóli 27. nóvember 1,6 V/m hæsta gildi, aðrar tölur eru meðaltöl.

0,2 V/m (Vesturálma 1. hæð); 0,2 V/m (Vesturálma 2. hæð); 0,2 V/m (Suðurálma við tölvustofu); 0,2 V/m (Austurálma fyrir miðju húsi); 0,7 V/m (Suðurlóð á mótí Fífuhvammsvegi); 0,4 V/m (Vesturport gegnt Fífunni); 0,6 V/m (Garður norðaustan á mótí Sporthúsinu).